

Dalabyggð  
þórður Már Sigfússon, skipulagsfulltrúi  
Miðbraut 11  
370 Búðardalur

Reykjavík, 10. júní 2020  
Tilvísun: 202005057 / 3.4

---

**Efni: Lýsing fyrir gerð tillögu að deiliskipulagi iðnaðar- og athafnasvæðis við Iðjubraut, Dalabyggð**

---

Dalabyggð hefur, með tölvupósti þann 20. maí 2020, sent Skipulagsstofnun lýsingu til umsagnar skv. 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Lýsingin var samþykkt til kynningar í sveitarstjórn 14. maí 2020 og varðar tillögu gerð að deiliskipulags fyrir iðnaðar- og athafnar svæðis við Iðjubraut í Búðardal.

Samkvæmt lýsingunni, dags. 8. maí 2020, er gert ráð fyrir að vinna deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæði I3 og nyrsta hluta athafnasvæðis A1 í Búðardal. Gert er ráð fyrir 10-16 lóðum á svæðinu, götum og bílastæðum. Svæðið er að hluta byggt.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og bendir á eftirfarandi:

Vegna staðsetningu svæðisins, austan Vesturbrautar, sem liggar í gegnum bæinn, telur stofnunin mikilvægt að settir séu skilmálar um vandað útlit og ásýnd svæðisins.

Í aðalskipulagi (kafla 4.13) er lögð áhersla á tengingu göngu- og hjólastíga að atvinnusvæðum. Stofnunin hvetur til þess að huga að tengingum við íbúðarsvæði við gerð deiliskipulagsins og að aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda um svæðið verði tryggt.

Vegna fyrirhugaðrar starfsemi á svæðinu er líklegt að rekstraraðilar á svæðinu vilji merkja svæðið með einhverjum hætti. Stofnunin minnir því á gr. 5.3.2.4 í skipulagsreglugerð, en þar kemur fram skal setja ákvæði um skilti þar sem gera má ráð fyrir slíku.

Gera þarf grein fyrir því þeim byggingum sem á svæðinu eru sbr. gr. 5.3.2.1 í skipulagsreglugerð og setja skilmála vegna þeirra um viðhald eða breytingar ef við á.

*Sóley Ósk Sigurgeirsdsdóttir*  
Sóley Ósk Sigurgeirsdsdóttir